

Nd.

310. Frumvarp til laga

[148. mál]

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, eins og nánar er ákveðið í lögum þessum. — Til íslenskra afurða telst afli, sem skip, skrásett hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum skal vera 6% af f.o.b.-verðmæti útflutnings.

3. gr.

Ef útflytjandi sannar, að hlutfall hráefniskostnaðar af f.o.b.-verði hinnar útfluttu vöru sé lægra en 30%, er sjávarútvegsráðherra heimilt að lækka útflutningsgjald skv. 2. gr. um allt að 0.3% fyrir hvert 1%, sem hlutfall hráefniskostnaðar er lægra en 30%, þó skal útflutningsgjald aldrei vera lægra en 1% af f.o.b.-verði.

Þegar íslensk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skal gjald skv. 2. gr. reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádrægnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur. Þrátt fyrir ákvæði þessarar og 2. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld og loðnu skuli vera allt að því eins hátt og greiða bæri við sams konar verkun hér á landi og hún fer til erlendis.

Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

4. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs	%
a) Almenn deild	22
b) Áhafnadeild	26
2. Til greiðslu á váttryggingarkostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	27
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs	
a) Lánastarfsemi	21
b) Styrkveitingar Fiskimálasjóðs	0.9
4. Til sjávarrannsóknna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	2.3
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.4
6. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0.4

Samtals 100.0

Í þeim reglum um greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í 2. tl. 1. mgr. þessarar greinar, má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalda, að hlutaðeigandi tryggingarfélag sé aðili að endurtryggingarsamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjaldatryggingarskilmála og

vátryggingarfjárhæða. Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu, sbr. 2. tl. 1. mgr. þessarar greinar, í stað greiðslu iðgjalda. Þá skal og endurgreiða hvalveiðiskipum hlut Aflatryggingasjóðs skv. 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar, enda njóti þau ekki bóta úr sjóðnum.

5. gr.

Gjald skv. 2. og 3. gr. skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip í þeirri höfn, er þær fyrst fara frá. Ef afurðir eru seldar e.i.f. eða með enn öðrum skilmálum, skal reikna söluverð til f.o.b.-verðs eftir reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur. — Séu afurðir sendar úr landi óseldar, skal gjaldstofn útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. ákveðinn skv. lágmarksútflutningsverði eins og það er tilgreint í útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru. — Nú sannar sendandi, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á útfluttar óseldar sjávarafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, og er þá fjármálaráðuneytinu rétt að endurgreiða tilsvarendi mismun útflutningsgjaldsins, enda liggi fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytisins á því, að leyfi til að selja við hinu lægra verði hafi verið veitt.

6. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrissskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

7. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap. — Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa. — Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

8. gr.

Skip og farmur eru að veði fyrir útflutningsgjöldum, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan. Sektir allar renna í ríkissjóð. — Ef lögreglu-

stjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, sem um getur í 7. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ríkisbókhaldið skal annast gerð sérstakra heildarskýrslna um ráðstöfun tekna af útflutningsgjaldi, sem birta skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skýrslur þessar skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að fá yfirsýn yfir allar greiðslur sjóða sjávarútvegsins.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrir mæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra eftir 15. febrúar 1976. Jafnframt eru úr gildi felld eftirtalin lög og lagaákvæði:

Lög nr. 19/1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum með síðari breytingum, 4. gr. laga nr. 106/1974 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar,

2. gr. laga nr. 55/1975 um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa,

1. tl. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins,

16. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins,

c.-liður 1. gr. laga nr. 55/1973 um Fiskveiðasjóð Íslands,

Lög nr. 99/1975 um Fiskveiðasjóð Íslands,

2. og 3. mgr. 18. gr. laga nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða,

2. tl. 2. gr. laga nr. 89/1947 um Fiskimálasjóð,

Lög nr. 40/1966 um síldargjald.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og til 15. febrúar 1976. skal í stað orðsins „1%“ í 18. gr. laganna koma orðið: 1.5‰.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gerð samninga um kaup og kjör sjómanna á bátafлотanum í marsmánuði 1975 óskuðu samninganefndir Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna eftir því, að ríkisstjórnin hlutaðist til um gagngera endurskoðun á gildandi lögum og reglum um sjóði sjávarútvegsins, auk þess sem samhengi milli sjóðanna og skiptaverðs sjávarafla og þar með aflahluta áhafna yrði tekið til ræki-legrar skoðunar. Í samræmi við þessar óskir skipaði sjávarútvegsráðherra, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar á síðastliðnu vori, nefnd manna til þessa verks og til þess að gera grein fyrir hugsanlegum, samræmdum breytingum á starfsemi sjóðanna og gildandi hlutaskiptareglum.

Skipuð var 10 manna nefnd undir forystu Þjóðhagsstofnunarinnar með aðild tveggja fulltrúa frá hverjum eftirtalinna samtaka: Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi isl. útvegsmanna og eins fulltrúa frá Alþýðusambandi Vestfjarða, Alþýðusambandi Austfjarða og Félagi isl. botnvörpuskipaeigenda.

Í nefndina voru skipaðir:

Jón Sigurðsson, hagrannsóknastjóri, formaður, Óskar Vigfússon, formaður Sjómannafélags Hafnarfjarðar, Hilmar Jónsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands isl. útvegsm., Ágúst Flygenring, framkvæmdastjóri Íshúss Hafnarfjarðar, Pétur Sigurðsson, framkv.stjóri Alþýðusambands Vestfjarða, Sigfinnur Karlsson, framkv.stjóri Alþýðusambands Austurlands, Ingimar Einarsson, framkv.stjóri Félags isl. botnvörpuskipaeigenda, Ingólfur Falsón, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Ingólfur Stefánsson, framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Nefndin sendi frá sér mjög ítarlega skýrslu fyrir skömmu ásamt drögum að frumvörpum um útflutningsgjöld af sjávarafurðum og Stofnfjár sjóð fiskiskipa.

Frumvarp þetta eru óbreytt drög nefndarinnar að viðbættu ákvæði til bráða- birgða, sem sett er til leiðréttingar á villu í lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Um almennar athugasemdir við frumvarp þetta vísast til skýrslna „Sjóðanefndarinnar“, en tillögur hennar og ábendingar voru eftirfarandi og er frumvarp þetta flutt í samræmi við það:

1. Olfusjóður fiskiskipa verði lagður niður og niðurgreiðslu olíuverðs úr honum hætt.
2. Tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa af útflutningsgjöldum verði skertar um sem næst helming frá núgildandi gjaldskrá útflutningsgjalda og greiðslur iðgjaldastyrkja úr honum lækkaðar að sama skapi.
3. Fiskimálasjóður og Fiskveiðasjóður Íslands verði sameinaðir undir einni stjórn. Til styrkveitinga úr Fiskimálasjóði verði varið ákveðnum hluta af tekjum sjóðanna af útflutningsgjaldi.
4. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins starfi áfram.
5. Aflatryggingasjóður — bæði almenn deild og áhafnadeild — starfi áfram með svipuðum heildartekjum og núgildandi lög gera ráð fyrir. Fram fari rækileg skoðun á starfsreglum Aflatryggingasjóðs, m. a. með það í huga, að hann valdi minni tilfærslum milli skipa og útgerðarstaða en nú er. Athuguð verði sú tilhögun, að fé almennu deildarinnar í sjóðnum skiptist á sérstaka svæðasjóði í stað eins sjóðs fyrir allt landið.
6. Gjald til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa lækki og verði ekki hærra en 10% af verðlagsráðsverði sjávarafla við heimalandanir og 16% við landanir erlendis. Öll ákvæði um Stofnfjár sjóð og ráðstöfun fjár úr honum verði felld í ein lög.
7. Öll núgildandi ákvæði um útflutningsgjöld af sjávarafurðum verði numin úr lögum.

Sett verði ein lög um útflutningsgjald af útfluttum sjávarafurðum, sem varið sé í þágu sjávarútvegsins. Gjaldið verði einfalt % gjald af f. o. b.-verði gjaldskylds útflutnings og ekki hærra en 6%. Gjaldskylduákvæði verði samræmd og undanþágur og ívilnanir vegna einstakra afurða yfirleitt felldar niður og í staðinn sett almenn regla um ívilnun fyrir afurðir, sem hafa óvenju mikla vinnsluviðbót hér á landi.

Í samræmi við 7. lið tillagnanna er lagt til í frumvarpi þessu, að útflutningsgjaldið verði 6%. En eins og fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins, er að svo stöddu ekki lagt til, að lagmetisiðnaður og söltuð grásleppuhrogn falli undir lögin og verði því lög nr. 69/1974 látin halda gildi sínu enn um sinn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. gildandi laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 19/1973.

Um 2. gr.

Í tillögum nefndarinnar er lagt til, að öll ákvæði um útflutningsgjöld af sjávarafurðum verði numin úr núgildandi lögum og felld í ein lög. Frumvarp þetta gengur út á það. Hér er lagt til, að lagt verði eitt útflutningsgjald á sjávarafurðir, 6% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða, er komi í stað allra núgildandi ákvæða um útflutningsgjöld.

Núgildandi ákvæði um útflutningsgjöld af sjávarafurðum er að finna bæði í lögum nr. 19/1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum, og í sérlægum hinna ýmsu sjóða sjávarútvegsins.

Samkvæmt lögum um útflutningsgjöld nr. 19/1973 og reglugerð nr. 51/1975, eru útflutningsgjöld annars vegar magngjöld frá kr. 3000.00 til kr. 5940.00 á hvert tonn, og hins vegar gjald samkvæmt hundraðshluta af f.o.b.-verði, frá 4% til 8%, mismunandi eftir tegundum afurða.

Mestur hluti tekna af útflutningsgjöldum þessum rennur til Tryggingasjóðs fiskiskipa, eða 87.8%. Að öðru leyti renna tekjur þessar til Fiskveiðisjóðs, til Fiskimálsjóðs, til smíði haf- og fiskirannsóknaskipa, byggingar í þágu rannsóknarstofnana sjávarútvegisins, til Landsambands isl. útvegsmanna og samtaka sjómanna.

Samkvæmt sérlægum sjóða sjávarútvegsins eru enn fremur lögð á eftirfarandi útflutningsgjöld:

Til Ólíusjóðs, sem nú er lagt til að lagður verði niður sbr. 4. gr. frumvarpsins, renna tekjur af útflutningsgjaldi, sem nemur frá 6% til 11.5% af f.o.b.-verði sjávarafurða, mismunandi eftir tegundum. Undanþegið er lagmeti og afurðir, sem koma frá hval-, sel- og hrognkelsaveiðum.

Til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins renna tekjur af útflutningsgjaldi, sem nemur 1¼% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða. Og til áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs renna tekjur af útflutningsgjaldi, sem nemur 1½% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða.

Undanskildar gjöldum þessum eru afurðir, sem koma frá hval-, sel- og hrognkelsaveiðum, sbr. lögum um Aflatryggingasjóð, og niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir skv. lögum nr. 69/1974.

Til Fiskveiðasjóðs renna, auk tekna frá almennum útflutningsgjöldum skv. lögum nr. 19/1973, tekjur af sérstöku gjaldi, sem er 1% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en þeirra, sem koma frá hval-, sel- og hrognkelsaveiðum, sbr. lögum um Fiskveiðasjóð, og niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir skv. lögum nr. 69/1974.

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd ferskfiskeftirlits skal greiða útflutningsgjald af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða, er nemi 1½%. Undanþegnar eru afurðir sem koma frá hvalveiðum og selveiðum.

Samkvæmt lögum nr. 40/1966 er lagt sérstakt gjald á útflutta síld og síldarafurðir. Gjald þetta er 0.3% af f.o.b.-verði útflutts síldarmjöls og síldarlýsis, en 0.2% af f.o.b.-verði annarrar útfluttrar síldar og síldarafurða.

Um 3. gr.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar var ráð fyrir því gert, að öll gjaldskyldu-ákvæði yrðu samræmd og jafnframt að undanþágur og ívilnanir vegna einstakra afurða yrðu yfirleitt felldar niður og í staðinn sett ein almenn regla um ívilnun fyrir afurðir, sem hafa óvenjulega mikla vinnsluviðbót hér á landi.

Grein þessi felur í sér slíka almenna ívilnunarreglu og er hér lagt til, að hún verði með því móti, að ef útflytjandi getur sýnt fram á það hverju sinni, að hlut-

fall hráefniskostnaðar af f. o. b.-verði vörunnar sé lægra en 30%, geti sjávarútvegsráðherra lækkað 6% útflutningsgjaldið í ákvæðnum hlutföllum við hlutfall hráefniskostnaðarins. Þó þannig að gjaldið fari ekki niður fyrir 1%

Selafurðir eru þó undanskildar útflutningsgjöldum.

Þær afurðir, sem einna helst koma til greina í þessu sambandi, eru niðursoðnar og niðurlagðar afurðir. Hins vegar hafa þessar afurðir verið undanþegnar almennum útflutningsgjöldum um skeið. Fyrst samkvæmt 6. gr. laga um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, en þar eru þessar afurðir ásamt söltuðum grásleppuhrognum undanþegnar almennum ákvæðum um útflutningsgjöld, í 5 ár frá árinu 1972, en renna þess í stað í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans. Með lögum nr. 69/1974, um breyting á lögum um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, er lagmetisiðnaðurinn felldur undir skilgreiningu laga um iðnrekstur og greiðir iðnlána-sjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 68/1967 með síðari breytingum.

Með þessu er lagmetisiðnaðurinn að fullu undanþeginn öllum útflutningsgjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, sbr. lög um útflutningsgjöld af sjávarafurðum, lög um Fiskveiðasjóð Íslands og lög um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Í sambandi við þær breytingar, sem nú er verið að gera á útflutningsgjöldum sjávarafurða, telur nefndin, að ástæða sé til að taka til endurskoðunar ákvæði 6. og 7. gr. laga um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins og 1. gr. laga nr. 69/1974 um breytingu á þeim lögum.

Þótt skipan mála verði óbreytt um sinn, er undir þetta álit nefndarinnar tekið, enda hníga flest rök að því, að lagmetisiðnaður sitji við sama borð og aðrar greinar fiskiðnaðar.

Hér er því gengið út frá því, að lög nr. 69/1974 haldi óbreytt gildi sínu, þannig að niðursoðnar og niðurlagðar afurðir og söltuð grásleppuhrogn séu undanþegnar útflutningsgjaldi samkvæmt lögum þessum.

Um 4. gr.

Grein þessi er um skiptingu útflutningsgjaldsins til hinna einstöku sjóða og skýrir sig sjálf.

Kjarninn í tillögum nefndarinnar er, að færðir skuli nálægt 4 milljörðum króna úr fjárráðstöfun sjóða sjávarútvegsins yfir í fiskverðsgreiðslur til sjómanna og útvegsmanna.

Miðað við áætlun um útflutningsverðmæti sjávarafurða á ári miðað við gengi og verðlag í október 1975, er áætlað, að skipting tekna af 6% útflutningsgjaldinu verði með eftirfarandi hætti og til hliðsjónar fylgja tölur um tekjur samkvæmt núgildandi reglum:

	Frumvarpið		Núgildandi reglur	
	%	m.kr.	%	m.kr.
1. Aflatryggingasjóður:				
a) Almenn deild	22	500	7.7	461
b) Áhafnadeild	26	590	9.3	554
2. Tryggingasjóður fiskiskipa	27	613	19.8	1 182
3. Fiskveiðasjóður — Fiskimálasjóður			8.4	497
a) Til lánastarfsemi	21	477		
b) Til styrkveitinga til rannsókna, tilrauna og markaðseflingar	0.9	20		
4. Til sjávarrannsókna og framleiðslueftirlits sjávarafurða	2.3	53	1.0	62
5. Til samtaka sjómanna og útvegsmanna ..	0.8	18	0.2	13
6. Til Ólfusjóðs	—	—	53.6	3 196
Samtals	100.0	2 271	100.0	5 965

Af skiptingu þeirri, sem greinin gerir ráð fyrir, sést í fyrsta lagi, að Oliusjóður er lagður niður. Sömuleiðis sérstakt síldargjald. Aflatryggingasjóður starfar áfram með svipuðum tekjum. Þá eru tekjur Tryggingasjóðs skertar um nálægt helming frá núgildandi gjaldskrá útflutningsgjalda og verða því greiðslur iðgjaldsstyrkja úr honum lækkaðar að sama skapi.

Í greininni er ráð fyrir því gert, að tekjur til Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs verði sameinaðar.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 5., 6., 7., 8., 9., 10. og 11. gr.

Greinarnar eru samhljóða 4., 5., 6., 7., 8., 9. og 10. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 18. gr. laga um Framleiðslueftirlit sjávarafurða er lagt á ákveðið gjald til að standa straum af ferskfiskeftirliti í landinu. Samkvæmt greininni er gjaldið 1‰ af f.o.b.-andvirði íslenskra sjávarafurða. Hér er um prentvillu að ræða. Gjald þetta var fyrir gildistöku laganna 1.5‰ og stóð ekki til að breyta því. Í framkvæmd hefur því eftir sem áður verið innheimt 1.5‰ gjald, og er ákvæði þessu til bráðabirgða ætlað að leiðrétta þessa villu.